SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Reykjavík, 20. ágúst 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðisbætur, 788. mál.

Velferðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Markmið þess er að breyta núverandi húsaleigubótum þannig að stuðningur við efnaminni leigjendur verði aukinn og að hann verði jafnari húsnæðisstuðningi við kaupendur íbúðarhúsnæðis sem njóta vaxtabóta. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að stjórnsýsla og umsýsla með almennum húsaleigubótum verði flutt frá sveitarfélögum yfir til ríkisins en að greiðsla sérstakra húsaleigubóta að auki verði eftir sem áður á hendi sveitarfélaga.

Ekki er gert ráð fyrir að nýta möguleika til hagræðingar því utanumhald húsnæðisbóta verður hjá velferðarráðuneyti en umsýsla vaxtabóta er hjá efnahags- og fjármálaráðuneyti. Samtök atvinnulífsins leggja til að efnahags- og fjármálaráðuneyti haldi utan um bæði kerfin enda hefur rekstur vaxtabótakerfisins gengið greiðlega fyrir sig og án mikils kostnaðar.

Samtök atvinnulífsins leggja ennfremur til að viðmið við útreikning bótanna verði sem líkust. Þannig er gert ráð fyrir í frumvarpinu að skerðingar grunnfjárhæða vegna eigna verði sams konar og við vaxtabætur. Einnig ættu grunnfjárhæðir bótanna að vera hinar sömu og miðað við fjölda heimilismanna samkvæmt tilgreindum stuðlum óháð aldri og fjölskyldutegund líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Viðmið um skerðingu grunnfjárhæða vegna tekna ættu einnig að vera hin sömu sem og hámark bóta.

Með framangreindri samræmingu veður ekki gert upp á milli fjölskyldutegunda eða tekjuhópa eftir því hvort viðkomandi búi í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði. Þá verður ekki annað séð en að með framangreindri samræmingu og að sami aðilinn haldi utan um bæði kerfin megi spara að mestu áætlaðan viðbótarkostnað ríkisins við það fela Tryggingarstofnun ríkisins (TR) greiðslu húsnæðisbóta. Í umsögn efnahags- og fjármálaráðuneytis kemur fram að velferðarráðuneytið hafi ekki falið TR að gera greiningu og rekstraráætlun um upptöku og starfrækslu nýs bótagreiðslukerfis hjá stofnuninni.

Að lokum vilja SA árétta að sömu lögmál gilda um leigumarkaðinn og aðra markaði. Aukinn ríkisstuðningur við leigjendur mun að öllum líkindum leiða til hækkunar á húsaleigu, sem kynni að skila meiri ábata fyrir leigusala en fyrir leigjendur, auk þess sem sveitarfélög kynnu að draga úr sínum sérstöku húsaleigubótum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Árnason